

Verkefni: Aðalfundur Gígunnar 2008
Dagsetning fundar: 18. október 2008
Tímasetning fundar: 17:00 – 19:00
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugarvegi 116, Reykjavík

Stjórnarmenn Gígunnar:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergsdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞA)	Meðstjórnandi	Mætt
Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir (AÓG)	Varamaður	Mætt
María Vilhjálmisdóttir (MA)	Varamaður	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Glæðurnar (Hrefna Magnúsdóttir, Guðrún Eyjólfssdóttir)
Heklurnar (Erla Þorbjörnsdóttir)
Jórukórinn, Selfossi (María Bjarnadóttir, Margrét Ófeigsdóttir)
Kvennakór Akureyrar (Anna Lilja Stefánsdóttir, Snæfríð Egilson)
Kvennakór Garðabæjar (Helga Melsteð, Heiðrún Diðriksdóttir, Sigríður Sveinsdóttir)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Sigrún Óskarsdóttir, Margrét Þórðardóttir, Steiney Halldórsdóttir)
Kvennakór Hornafjarðar (Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir)
Kvennakór Kópavogs (Jófríður Guðmundsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Hallbjörg Thorarensen, Sigríður Tryggvadóttir)
Kvennakór Reykjavíkur (Guðbjörg Gylfadóttir, Puríður Pétursdóttir)
Kvennakór Suðurnesja (Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Erla Arnoddsdóttir)
Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur (Margrét Þorvaldsdóttir, Erna Hanna Guðjónsdóttir)
Kyrjurnar, Reykjavík (Dagbjört Sigurbergsdóttir, Ingibjörg Viggósdóttir, Ingibjörg Halla Hjartardóttir)
Vox feminae (Bryndís Egilson, Heiða Gunnarsdóttir, Þorgerður Valdimarsdóttir)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Sigrún Óskarsdóttir formaður Gígunnar setti aðalfundinn og bauð fundargesti velkomna. Að þessu sinni var fræðslufundur í beinu framhaldi af aðalfundi þar sem Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ flutti erindið *“Hlutverk stjórna í kórum í þeim tilgangi að efla starf þeirra”*. Sigrún lagði það til að Steiney Halldórsdóttir (Kvennakór Hafnarfjarðar) yrði fundarstjóri og Dagbjört Sigurbergsdóttir (Kyrjurnar) yrði ritari fundarins, var það samþykkt og gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður Gígunnar; Sigrún Óskarsdóttir flutti ársskýrslu:

Framhaldsaðalfundur Gígunnar 20.10.2007

Þann 20. október 2007 var haldinn framhaldsaðalfundur Gígunnar. Þátttaka var mjög góð en mættar voru 35 konur frá 12 aðildarkórum auk 4 fulltrúa frá 2 gestakórum, sem voru Kvennakórinn Embla, Eyjafirði og Kvennakórinn Glæðurnar, Reykjavík. Þess má geta að báðir þessir kórar hafa nú gengið til liðs við Gígjuna.

Ekki var gerð breyting á stjórn Gígunnar sem kosin var á aðalfundinum 10. mars.

Aðalstjórn var skipuð þannig:

Formaður: Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar.

Varaformaður: Dagbjört Sigurbergsdóttir, Kyrjunum.

Ritari: Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae.

Gjaldkeri: Linda Guðjónsdóttir, Gospelsysturum Reykjavíkur.

Meðstjórnandi: Þuríður Pétursdóttir, Kvennakór Reykjavíkur.

Varastjórn var skipuð þannig:

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja.

María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar.

Þorgerður Valdimarsdóttir, Vox feminae.

Breyting varð á skipan stjórnar í desember s.l., en þá fór gjaldkeri í frí og tók Þuríður Pétursdóttir við gjaldkeraembættinu. Varamaður, Þorgerður Valdimarsdóttir kom inn sem meðstjórnandi. Með stjórninni starfar einnig (af og til) Margrét Bóasdóttir og ber hún titilinn verndari Gígjunnar. Það hefur verið stjórninni mjög mikilvægt að hafa konu eins og Margréti og oftár höfum við leitað í hennar viskubrunn eftir upplýsingum og ráðgjöf og kunnum við stjórnarkonur henni bestu þakki fyrir.

Á framhaldsaðalfundinum lagði stjórn Gígjunnar fram tillögu um styrk vegna ferða stjórnarmanna á stjórnarfundum. Var hún samþykkt samhljóða. Tillagan hljóðar uppá að stjórnarkonur geti sótt um að greiddan 1/3 af kílómetragjaldi ríkisins til þátttöku á skilyrtum stjórnarfundum, sem teljast tveir á ári.

Gerðar voru breytingar á lögum samtakanna, þar sem m.a. fjárhagsári var breytt í takt við starfsár aðildarkóranna. Fjárhagsárið er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert og aðalfundur færður til hausts en var áður að vori. Nánari upplýsingar um lög Gígjunnar og lagabreytingarnar er að finna í fundargerð framhaldsaðalfundar á vef Gígjunnar undir linknum: Stjórn - Fundargerðir.

Eftir afgreiðslu lagabreytinga var landsmót íslenskra kvennakóra í Hafnarfirði 2005 rifjað upp og síðan var undirbúningsnefnd Kvennakórs Hornafjarðar með skemmtilega kynningu á landsmóttinu 2008. Nánar verður fjallað um landsmótið síðar í skýrslunni. Einnig var kynning á norræna kvennakóramóttinu sem haldið var í Noregi í apríl 2008.

Starf stjórnar Gígjunnar síðast liðið ár

Frá framhaldsaðalfundinum 20. október hafa verið haldnir sex stjórnarfundir og eru allar fundargerðir frá stjórnarfundum Gígjunnar aðgengilegar á vefsetrinu okkar og hvet ég konur til að fylgjast með því sem stjórn Gígjunnar er að starfa hverju sinni.

Fjölgun aðildarkóra

Á þessu ári hafa sjö kvennakórar gengið til liðs við Gígjuna og eru því aðildarkórarnir orðnir 28 alls, en af þeim eru tveir kórar í fríi. Nýju kórnir eru: Glæðurnar í Reykjavík, Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn, Kvennakórinn Embla á Akureyri, Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur, Kvennakór Öldutúns í Hafnarfirði, Lillukórinn á Hvammstanga og Uppsveitarsystur á Flúðum. Við bjóðum þær velkomnar í Gígjuna. Nú eru einungis þrír kvennakórar sem standa utan sambandsins svo vitað sé en það eru Kvennakór Háskóla Íslands, Kvennakórinn á Siglufirði og Regnbogakonur.

Ef þið, ágætu fundarmenn, vitið um fleiri kvennakóra á Íslandi þá biðjum við ykkur um að koma þeim upplýsingum til okkar í stjórninni.

Landsmót íslenskra kvennakóra á Hornafirði

25. – 27. apríl síðast liðinn var 7. landsmót íslenskra kvennakóra haldið á Hornafirði. Gestgjafarnir Kvennakór Hornafjarðar skipulögðu mótið og var skipulagningin í alla staði frábær. Það voru 13 kvennakórar af öllu landinu mættir til leiks og er óhætt að segja að allar konur hafi skemmt sér vel á þessu landsmóti. Næsta landsmót verður haldið á Selfossi 2011, en landsmót eru haldin á 3ja ára fresti. Gestgjafar þá verða Jörúkórinn á Selfossi.

Á landsmóttinu var haldinn almennur félagsfundur samkvæmt lögum félagsins og formannafundur þar sem formenn kvennakóranna mættu og ræddu sín mál. Fundargerðir þessara funda eru aðgengilegar á vefsetrinu, eins og allar aðrar fundargerðir Gígjunnar.

Norræna kvennakóramótið var haldið í Niðarósi í Noregi 10. – 13. apríl 2008. Tveir kórar frá Íslandi sóttu mótið: Kvennakór Reykjavíkur og Emblur.

Vefsetrið

Vefsetur Gígunnar er aðal vettvangur upplýsingaflæðis innan sambandsins, með því getum við meðal annars eftir starfsemi og samstarf kvennakóranna í landinu. Gígjan lét gera tilboð í uppsetningu í nýju umhverfi og varð tilboð frá Greind ehf fyrir valinu. Vefsetur Gígunnar hefur því verið flutt í nýtt umhverfi og til nýrra vistunaraðila. Sú vinna hefur tekið nokkurn tíma en er nú að mestu lokið. Við flutninginn á gögnumum yfir í nýja umhverfið hefur á stöku stað brenglast texti eða uppsetning og biðjum við ykkur, aðildarkórar góðir, að láta vita ef þið rekist á villur á vefnum.

Vefurinn er andlit sambandsins og okkar vettvangur. Það hefur tekið nokkurn tíma að koma honum á kortið en nú í dag er mikil umferð um vefinn og fjöldi fólks sem sækir þangað upplýsingar. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að halda vefsetrinu lifandi. Það gerum við m.a. með því að vera duglegar að senda inn fréttatilkynningar af starfi okkar kóra og eins að láta vita þegar verða breytingar á stjórnun kóranna. Undir linknum Aðildarkórar eru staðlaðar upplýsingar um hvern kór og mikilvægt að þær séu réttar. Við biðjum ykkur að vera vakandi yfir þessu og láta okkur vita um leið og breytingar verða hjá ykkur.

Upplýsingar um öll landsmót íslenskra kvennakóra sem haldin hafa verið eru komnar á vefsetrið fyrir utan fyrsta landsmótið, sem haldið var 1992 í Ydölum. Þær upplýsingar koma vonandi hið fyrsta en Margrét Bóasdóttir er að safna þeim saman. Allar þessar upplýsingar eru á vefsetrinu undir hlekknum Landsmót.

Allar tillögur að endurbótum á vefsetrinu eru vel þegnar. Ef þið hafið hugmyndir að gögnum sem ættu að vera inni á vefsetrinu þá sendið þær endilega til stjórnar sem vinnur úr þeim. Til dæmis hefur komið sú hugmynd að hafa inni á síðunni upplýsingar um staði sem hægt er að fara á í æfingabúðir en sú hugmynd er í skoðun.

Jólagag Gígunnar 2008

Gígjan leitaði fyrr á árinu til Jóns Ásgeirssonar og bað hann að semja jólagag, sem hann og gerði. Hugmyndin kom upphaflega frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur (Vox feminae) og átti hún hugmyndina að því að Jón yrði fenginn til verksins, þar sem hann varð áttæður 11. október á þessu ári. Jólagagið, sem er þriggja radda heitir: „Ég heyrði þau nálgast“ og er samið við ljóð Snorra Hjartarsonar. Aðildarkórar Gígunnar fengu lagið sent á haustmánuðum og hefur ekki annað heyrst en að kórar séu ánægðir með þetta framtak. Margir kvennakórar munu syngja þetta jólagag hver í sinni heimasókn, 30. nóvember, sem er fyrsti sunnudagur í aðventu.

Tónlist fyrir kvennakóra

Á síðasta ári varð Gígjan aðili að Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) eins og kom fram í fundargerð síðasta aðalfundar. Stjórn Gígunnar hefur gert drög að Tónverkasjóði Gígunnar sem lögð verða fram hér á aðalfundinum. Markmið sjóðsins yrði að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði mundi Tónverkasjóðurinn fá tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra, sem allir aðildarkórar fá síðan sent eintak af. Gígjan hefur sótt um styrk m.a. til Menntamálaráðuneytis fyrir tónverkasmíð til handa aðildarkórum Gígunnar. Því miður var honum hafnað. Nú í næsta mánuði ætlar stjórn Gígunnar að sækja um styrk til Nýsköpunarsjóðs tónlistar; Musica Nova fyrir tónverki fyrir kvennakóra í tilefni af Alþjóðlega kvennadeginum 8. mars 2009. Tilgangur Musica Nova er m.a. að stuðla að nýsköpun metnaðarfullrar íslenskrar tónlistar eins og stendur orðrétt í skipulagsskrá sjóðsins. Við erum því mjög vongóðar og höfum leitað til Hildigunnar Rúnarsdóttur og hefur hún samþykkt að semja tónverk fyrir Gígjuna (árið 2009), sem allir aðildarkórar fá afhent á næsta ári.

Landsmótslögin

Samin hafa verið fjögur Landsmótslög í tengslum við Landsmót; *Aðeins eitt blóm* eftir Hildigunni Rúnarsdóttir (1997), *Vinamót* eftir Sigurð Sævarsson (2002), *Vorgleði* eftir Tryggva M. Baldvinsson (2005) og *Þegar sólín skín* eftir Þóru Marteinsdóttur (2008). Stjórn Gígunnar hefur fengið leyfi hjá höfundum þriggja þeirra til að setja lögin inná aðgangsstýrt vefsvæði í samvinnu við íslensku Tónverkamiðstöðina. Ekki hefur verið leitað til Þóru Marteinsdóttur, en það verður gert síðar. Landsmótslögin yrðu þá aðgengileg aðildarkórum Gígunnar þeim að

kostnaðarlausu. Þetta mál verður unnið áfram nú í vetur og fáði þið fréttir strax og lögin hafa verið sett inn á vefsetrið.

Óformleg könnun félagsgjalda

Stjórn Gígunnar hefur oft borist fyrirspurnir um félagsgjöld hjá kórum sambandsins, en kórar hafa viljað bera sig saman hvað það atriði snertir. Við gerðum því óformlega könnun á félagsgjöldum og hversu oft kórar æfa í viku. Niðurstöður þessarar könnunar voru sendar til þeirra formanna sem þess óskuðu.

Fjölís

Í tengslum við fyrirspurn var sett inn frétt, á vefsetrið, um Fjölís. Fjölís er heildarsamtök höfundarréttarféлага í landinu og meginhlutverk þess er að annast hagsmunagæslu fyrir höfunda og útgefendur. Það gerir félagið með samningum sem heimila takmarkaða ljósrítun á verkum höfunda og útgefenda gegn endurgjaldi. Aðildarkórar Gígunnar semja beint við Fjölís en gerð hefur verið samningsfyrirmynd sem finna má á vefsetrinu. Greiðslur til Fjölís renna m.a. í Tónlistarsjóð II hjá STEF og geta aðildarkóranir sem gert hafa samning við Fjölís sótt um styrk í þennan sjóð t.d. fyrir tónlistarútgáfu. Margir aðildarkórar Gígunnar hafa þegar gert samning við Fjölís og hvetur stjórn Gígunnar aðra aðildakóra sína til að kynna sér málin frekar.

Að lokum

Mikið af samskiptum Gígunnar við aðildakóra fer fram í gegnum netfangið okkar. Búin hefur verið til „stóri póstlisti Gígunnar“ þar sem allir geta verið með, ekki bara formaður og stjórn kóranna heldur hinn almenni kórfélagi. Þannig geta allir fylgst með. Sérstakur póstlist er einnig fyrir formenn kóranna.

Vefsetrið er líka lifandi miðill en fréttir og tilkynningar frá kvennakórunum halda honum einmitt lifandi. Gígjan er öflugt landssamband sem vonandi heldur áfram að blómstra og eflast í framtíðinni.

Skýrslan var borin upp til samþykkis og samþykkt samhljóða af öllum fundarmönnum.

2. Endurskoðaðir reikningar

Puríður Pétursdóttir gjaldkeri Gígunnar lagði fram og útskýrði reikninga Gígunnar og síðan voru þeir bornir upp til samþykkis. Um er að ræða uppgjör fyrir tímabilið 01.09.2007 til 31.08.2008. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða af fundarmönnum.

3. Tillögur og Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru bornar fram á fundinum en Puríður Pétursdóttir lagði fram tillögu að stofnun Tónverkasjóðs fyrir hönd stjórnar Gígunnar:

Nafn sjóðsins er: Tónverkasjóður Gígunnar

Heimili og varnarþing Tónverkasjóðs Gígunnar er í Reykjavík.

Stofnendur sjóðsins eru aðildarkórar Gígunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, á stofnfundi hans í október 2008. Stofnfjárhæð er 420.000 kr sem Gígjan fékk úthlutað úr sjóði SFH fyrir árin 2006 og 2007. Frekari úthlutun úr sjóði SFH skal ganga óskert til Tónverkasjóðs Gígunnar. Sjóðurinn skal ávaxtaður á bankabók í SPRON, sem ber hæstu vexti hverju sinni.

Markmið og tilgangur Tónverkasjóðs Gígunnar er að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði mun Tónverkasjóður Gígunnar fá tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra landsins. Þannig mun sjóðurinn efla fjölbreytni og úrval tónlistar sem kvennakórar eiga kost á að flytja. Gert er ráð fyrir að kóranir flytji verkið hverju sinni, hver í sinni sveit á svipuðum tíma, t.d. í kringum 24. október (afmæli kvennafrídagsins), 8. mars (alþjóðlegur baráttudagur kvenna), 19. júní (afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna) eða um jól og páska. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka þátt í kostnaði við tónverk sem aðildarkór Gígunnar hefur frumkvæði að, komi fram ósk um slíkt, enda verði verkið öðrum aðildakórum Gígunnar frjálst

til flutnings um leið og verkið hefur verið frumflutt. Kostnaðarhlutur sjóðsins skal í þeim tilvikum þó aldrei vera hærri en 33% af kostnaði við tónverkið.

Í stjórn Tónverkasjóðs Gígjunnar skulu sitja stjórnarkonur og varastjórnarkonur Gígjunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, hverju sinni. Gjaldkeri stjórnar Gígjunnar ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins í umboði stjórnar hans. Endurskoðendur reikninga Gígjunnar skulu jafnframt vera endurskoðendur Tónverkasjóðs Gígjunnar.

Skipulagsskrá **Tónverkasjóðs Gígjunnar** er háð samþykki aðalfundar Gígjunnar, landsambands íslenskra kvennakóra, og skulu tillögur að breytingum á skipulagsskránni fylgja skriflegu aðalfundarboði mánuði fyrir aðalfund.

Komi til þess að Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra, verði lögð niður skal Tónverkasjóður Gígjunnar jafnframt lagður niður og því fé sem þar kann að finnast skipt jafnt milli aðildarkóra Gígjunnar.

Fyrirspurn kom frá Kvennakór Akureyrar um það hvernig úthlutun frá SFH væri háttað. Margrét Bóasdóttir gerði ýtarlega grein fyrir SFH og starfsemi þeirra.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða. HG mun taka það að sér að stofna nýja síðu á vefsetrinu með öllum upplýsingum um Tónverkasjóð Gígjunnar.

4. Stjórnarkjör

Sigrún Óskarsdóttir kynnti starfandi stjórn Gígjunnar (aðal- og varastjórn.) Tvær konur úr aðalstjórn hafa óskað eftir því að láta af störfum og tvær konur úr varastjórn. Núverandi stjórn er skipuð þannig:

Aðalstjórn Gígjunnar:

Formaður; Sigrún Óskarsdóttir. Kvennakór Hafnarfjarðar, gefur kost á sér í varastjórn.

Varaformaður, Dagbjört Sigurbergisdóttir. Kvennakórinn Kyrjurnar, gefur kost á sér áfram.

Gjaldkeri; Þuríður Pétursdóttir. Kvennakór Reykjavíkur, gefur kost á sér áfram.

Ritari; Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae, hættir.

Meðstjórnandi; Þorgerður Valdimarsdóttir, Vox feminae, gefur kost á sér áfram.

Varastjórn Gígjunnar.

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja, gefur kost á sér í aðalstjórn.

María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar, hættir.

Í fundarboði aðalfundar var óskað eftir tillögum að næstu stjórn. Sitjandi stjórn gerði eftirfarandi tillögur um aðal- og varastjórn Gígjunnar fyrir næsta tímabil:

Næsta aðalstjórn Gígjunnar:

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja.

Dagbjört Sigurbergisdóttir, Kvennakórinn Kyrjurnar.

Jófríður Guðmundsdóttir, Kvennakór Kópavogs.

Þorgerður Valdimarsdóttir, Vox feminae.

Þuríður Pétursdóttir, Kvennakór Reykjavíkur.

Næsta varastjórn Gígjunnar:

Anna Lilja Stefánsdóttir, Kvennakór Akureyrar.

Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar.

Steiney Halldórsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar.

Tillagan var samþykkt samhljóða og kaus fundurinn einnig Dagbjörtu Sigurbergisdóttur, Kvennakórnum Kyrjunum, formann Gígjunnar.

5. Ákvörðun árgjalds

Puríður Pétursdóttir gjaldkeri Gígunnar lagði fyrir fundinn tillögu frá stjórn um nauðsyn þess fyrir rekstur Gígunnar að hækka árgjaldið og er tillagan þannig: Hver kór greiði fast gjald árlega kr. 3.000 auk þess sem áður var 200 krónur á hvern kórfélaga og miðast við fjölda kórfélaga um áramót. Puríður gjaldkeri færði rök fyrir hækkuninni með nokkrum dæmum. Nokkur umræða varð um félagsgjöldin og fannst fundarmönnum almennt nauðsynlegt að hækka þau.

Tillagan var borin undir fundinn og var samþykkt með meiri hluta atkvæða.


6. Kosning skoðunarmanna

Eftirtaldir konur hafa gefið kost á sér að vera skoðunarmenn reikninga fyrir næsta tímabil: Inga J. Arnardóttir, Kvennakórinn Kyrjurnar og Margrét Hreinsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur. Tillagan borin undir fundinn og samþykkt.

7. Önnur mál

Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ flutti erindi um:

„Hlutverk stjórna í kórum í þeim tilgangi að efla starf þeirra“



Grundvallaratriði

- › Vald og ábyrgð fylgist að
- › Gildir ekki síst um fjármál
- › Skýrar boðleiðir – Skýr skilaboð

**Félagsandi**

- › Góður félagsandi
- › Að efla félagsandann
- › Heiðarleiki og hreinskipti
- › Skýr skilaboð
- › Hafið gaman

**Störf stjórnar**

- › Stjórn sækir umboð sitt til aðalfundar
- › Stjórnarfólk skiptir með sér verkum
- › Stjórnarfundir
- › Fundargerðir
- › Skýrsla stjórnar

**Starfshópar (Nefndir)**

- › Fastanefndir (Millipinganefndir)
- › Skammtímanefndir (Sérverkefni)

**Nefndastörf**

- › Nefndir starfa líkt og stjórnir félaga
- › Ber ábyrgð gagnvart þeim sem skipaði eða kaus nefndina
- › Nefndarmenn skipta með sér verkum
- › Fundargerðir
- › Skýrsla þ.m.t. reikningsskil

**Stjórnar- og nefndarfundir**

- › Fámennir
- › Formaður stýrir fundi
- › Ritari stjórnar ritar fundargerð
- › Haldnir oft
- › Taka stuttan tíma
- › Símafundur / fjarfundur

**Félagsfundir – deildafundir**

- › Allir félagsmenn eiga seturétt og atkvæðisrétt
- › Kjörinn sérstakur fundarstjóri
- › Kjörinn sérstakur fundarritari
- › Haldnir fremur sjaldan
- › Oft kvöldfundir

**Best af öllu**

- › Þegar stjórn stendur saman
- › Allir segja sínar skoðanir
- › Gert er ráð fyrir mismunandi skoðunum
- › Gert er ráð fyrir að fólk sé ekki alltaf sammála
- › Lýðræðislegar starfsaðferðir
- › Þegar lýðræðisleg niðurstaða er fenginn fylgir stjórnin henni.
- › Forystumenn standi vörð um góðan félagsanda.



Fleira ekki gert, aðalfundi slitið kl. 19.00

Ritarar fundargerðar: Dagbjört Sigurbergsdóttir og Heiða Gunnarsdóttir.